



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Suðurlands

Bankavegur
800 Selfoss

(354) 570 13 16
(354) 898 88 52

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Alþingi - nefndasvið
b/t sigrunhelga@althingi.is; margret.m.benjaminsdottir@althingi.is

Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

mánudagur, 20. júní 2022
MÍ202206-0076/ 6.00 / U.Æ.

Efni: Minnisvarði í Vestmannaeyjum

Tillaga til þingsályktunar um minnisvarða um eldgosíð á Heimaey.

Minjastofnun fagnar því að reistur verði minnisvarði um gosíð í Heimaey árið 1973 í Vestmannaeyjum og viðbrögð Vestmanneyinga og annarra landsmanna. Til fyrirmyndar er að móta með þessum hætti tengingu við sögu Vestmannaeyinga og náttúruaflanna – lífsbaráttuna sjálfa – ekki síst fyrir komandi kynslóðir.

Málið heyrir ekki undir stofnunina að öðru leyti en því að þegar staður verður valinn undir listaverkið verði gengið úr skugga um að minjum verði ekki raskað við þá framkvæmd. Ef óljóst er hvort fornminjar leynist þar sem vilji er til að setja niður listaverkið ætti að hafa samband við minjavörð Suðurlands sem sker úr um það. Hugsanlega kæmi til mótvægisáðgerða eins og skurðgraftar með aðferðum fornleifafræðinnar til að ganga úr skugga um hvort minjar kynnu að leynast undir sverði.

Virðingarfyllst,

Uggi Evarsson
Minjavörður

Uggi Evarsson
Minjavörður
uggi@minjastofnun.is

